

30  
17. febr.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Bræðraborgarstíg frá Vesturgötu að Sólvallagötu, með þeirri undantekningu, að stöður verði leyfðar vestanmegin götunnar milli Bárugötu og Öldugötu.
2. Tryggvagötu sunnanmegin götunnar frá Naustunum að Grófinni og á beygjuni við Vélsmiðjuna Hamar.
3. Nóatúni beggja vegna götunnar frá Laugavegi að Skipholti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. febrúar 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

31  
22. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, á meðan hreppsnefnd Garðahrepps ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 225 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðahreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 225 íbúa, skal ekki veita ný leyfi.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 225 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

### 2. gr.

Á eftir 5. mgr. 6. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp, hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.